



UNGMENNASAMBAND  
KJALARNESPINGS

**47. Sambandsþing**

**ÞINGGERÐ**

**1969**

## PINGGERÐ 47. PINGS U.M.S.K.

---

47. ársþing Ungmennasambands Kjalaunesþings var haldið í Hlégarði í Mosfellssveit þ. 9. nóvember 1969, í boði Umf. Aftureldingar.

Þingið var sett kl. 10:00 f.h. af formanni sambandsins, Ingólfí Ingólfssyni. Setti hann þingið með stuttu ávarpi. Vönduð, fjöldituð árskýrsla hafði verið lögð fyrir þingfulltrúa. Ær hún hið vandaðasta rit, þar sem meðal annars er getið allra móta, sem íþróttafólk sambandsins tók þátt í, utan héraðs og innan. Einnig afrekaskrá fyrir árið 1969, í frjálsum íþróttum utan- og innanhúss, sem ritstjóri árskýrslunnar, Ólafur Unnsteinsson, framkvæmdastjóri sambandsins hafði tekið saman. Einnig lá frammi afrekaskrá í frjálsíþróttum frá upphafi til þessa dags, tekin saman af Olafi einnig.

Þá bauð Ingólfur gesti þingsins velkomna, en það voru þeir Gísli Halldórsson, forseti I.S.I., Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri I.S.I., Sveinn Björnsson og Gunnlaugur Briem, stjórnarmenn I.S.I.

### II.

#### Kosning kjörbréfaneftnar:

Þá var kosin kjörbréfaneftnd. Kosningu hlutu þeir, Lárus Halldórsson, Gestur Guðmundsson og Stefán Ágústsson. Tóku þeir þegar til starfa og skiliðu álti skömmu síðar. Lárus hafði orð fyrir nefndinni. Höfðu borizt kjörbréf frá öllum aðildarfélögunum nema UMF. Stjórnunni, en mættur fulltrúi þeirra, Birgir Guðmundsson myndi gera grein fyrir því á eftir. Síðan las Lárus upp nöfn fulltrúa og kynnti þá. Mættir voru 33 fulltrúar, en máttu vera 37. Voru kjörbréfin samþykkt samhljóða. Þessir voru fulltrúar:

#### Frá Umf. Aftureldingu:

Jón M. Guðmundsson  
Lárus Halldórsson  
Gunnar R. Magnússon  
Ásgeir Indriðason  
Guðmundur Jónsson  
Pétur Þorsteinsson  
Helga Jónsdóttir  
Birgir Sigurðsson, formaður.

#### Umf. Bessastaðahrepps:

Sveinbjörn H. Sveinbjörnsson  
Sveinbjörn Guðmundsson  
Helga Guðmundsdóttir, formaður.

#### Umf. Breiðablik:

Steinar Lúðvíksson  
Pálmi Gíslason  
Sigurður Geirdal  
Guðmundur Óskarsson  
Pétur Bjarnason  
Þórður Guðmundsson  
Trausti Sveinbjörnsson  
Kristinn Magnússon  
Gestur Guðmundsson, formaður.

Umf. Drengur:  
Guðm. Gíslason  
Ólafur Oddsson  
Haraldur Jónsson  
Hreiðar Grímsson, formaður.

Iþrf. Gróttá:  
Árni Indriðason  
Benóný Pétursson  
Garðar Guðmundsson  
Stefán Ágústsson, formaður.

Umf. Kjalnesinga:  
Eggert Ólafsson  
Helga Haraldsdóttir  
Helgi Haraldsson  
Olafur Friðriksson, formaður.

Umf. Stjarnan:  
Birgir Guðmundsson.

Þá gerði Birgir Guðmundsson grein fyrir kjörbréfaleysi sínu. Sagði hann að á aðalfundi Stjörnunnar hefði verið samþykkt tillaga frá fráfararum fyrstuannni Ingva Guðmundssyni þess efnis, að kjósa enga fulltrúa á þing U. M. S. K. nái senda árskýrslur og enn fremur að athuga möguleika á því að Stjarnan séggi sig úr ungmannasambandinu, vegna framkomu stjórnar þess við Stjörnuna á síðastliðnu sumri. Er Birgir hafði lokið máli sínu var hann einróma kjörinn löglegur fulltrúi á þingið.

### III. Kosning starfsmanna þingsins:

Fyrir lá tillaga um þá Jón M. Guðmundsson og Lárus Halldórsson sem þingforseta og Helgu Guðmundsdóttur og Sveinbjörn H. Sveinbjörnsson sem þingritara. Var sú tillaga samþykkt einróma.

Tók þá Jón M. Guðmundsson við fundarstjórn og gaf forseta I.S.I. orðið.

Gísli Halldórsson ræddi um starfsemi I.S.I. vítt og breitt. Hann kvað miklar vonir bundnar við íþróttahátíð I.S.I., sem haldin yrði á næsta ári. Á Akureyri yrði haldin vetrarhátíð, þ.e. með móti í vetraríþróttum, sögu-sýningu skíðaíþróttarinnar o.fl. Næsta sumar yrði svo hápunktur íþróttahátíðarinnar í Reykjavík, með mónum í öllum greinum íþróttta, þ.á.m. landsleikur við Dani í knattspyrnu og frjálsíþróttamót með þátttöku erlendra frjálsíþróttamanna. Að síðustu kvaðst forseti I.S.I. vænta þess að íþróttafólk U.M.S.K. léti ekki á sér standa frekar en endranær að gera hátíðina sem glæsilegasta.

### IV. Kosning kjörnefndar:

Þá fór fram kosning kjörnefndar, var samþykkt tillaga um eftirtalda menn í nefndina:

Gestur Guðmundsson  
Birgir Guðmundsson  
Helga Guðmundsdóttir  
Stefán Ágústsson  
Birgir Sigurðsson  
Jón L. Tryggvason  
Haraldur Hjartarson.

V.

Skýrsla stjórnarinnar:

Þá var komið að skýrslu stjórnarinnar. Fyrri flutningsmaður var sambandsformaður, Ingólfur Ingólfsson. Þar sem skýrslan lægi fjöldituð fyrir þingfulltrúum, sagðist hann aðeins drepa á helzu atriðin.

Níu stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu auk ýmissa funda nefnda, er skipaðar voru, þ.á. m. nefnd er starfaði eftir samþykkt síðasta þings, að finna leiðir til að halda framkvæmdastjóra allt árið. Í nefndinni voru auk formanns, Stefán Ágústsson og Sigurður Skaprheðinsson. Sagði Ingólfur að nefndin hefði samið bréf, sem lægi fyrir á þinginu, og væri ætlunin að senda það öllum bæjar- og sveitarstjórnunum á sambandssvæðinu. Væri þetta aðeins upphaf að því sem nefndin teldi að gera þyrfti og þyrfti nefndin eða önnur nefnd að halda málínun til streitu.

Ráðinn var framkvæmdastjóri frá 1. júní til 1. september, Ólafur Unnsteinson. Var hann einnig frjálsíþróttapjálfari. Ólafur er landskunnur íþrótt- og félagsmálamaður og var sambandinu mikill fengur að fá hann til starfa. Færði Ingólfur, Ólafi þakkið fyrir mikil og góð störf í þágu sambandsins og þá sérstaklega fyrir afrekaskrána, sem Ólafur tók saman og lagði mjög mikla vinnu í, endurgjaldslaust, en skrána gerði hann er ráðningartíma hans var lokið. Þá ræddi Ingólfur nokkuð um Skinfaxa, rit U.M.F.I. en eitt tölublað þess var á s.l. sumri helgað U.M.S.K.

Að lokum þakkaði hann meðstjórnarmönnum sínum og öllum öðrum er starfað hefðu með sér á starfsárinu fyrir samstarfið.

Annar flutningsmaður var Ólafur Unnsteinsson. Rakti hann þau mótt sem sambandið tók þátt í eða stóð að og gat um árangur íþróttafólksins. Ræddi hann meðal annars nokkuð um héraðshátíð U.M.S.K., sem haldin var að Saltvík á Kjalarnesi, 28. júní. Þetta hefði verið tilraun, sem hefði tekizt vel, og væri vel þess virði að framhald yrði á. Þá ræddi hann starfið hjá félögunum. Breiðablik væri lang storkasta félagið með mjög fjölbreytt starf. Stjarnan og Grótta væru á uppleið, en þar vantaði sem annarsstaðar, íþróttavelli. Einnig ræddi hann landgræðslumál, sagði hann að hlutur U.M.S.K. væri lítill ennbá. Stjórnin hefði farið þess á leit við Ingva Þorsteinsson að hann kæmi á þingið og héldi crindi um þau mál. Ingvi gat því miður ekki komið, en sendi í sinn stað, Olaf Ásgeirsson aðstoðarmann sinn, og myndi hann tala um landgræðslumálín síðar á þinginu.

Að endingu ræddi Ólafur Unnsteinsson nokkuð um reynslu sína í íþróttamálum. Hvatti hann til að héraðsmót verði haldin í öllum greinum og aldursflokkum bæði summar og veturn. Fullgera íþróttasvæðin og ganga þannig frá þeim, að selja mætti aðgang að móttum og kappleikjum. Einnig þyrfti að hafa þetta í huga við byggingu íþróttahúsa. Þá talaði hann um framkvæmd móta og starfslíð þeirra. Ólafur minntist nokkuð á Getraunir, taldi að þær gætu orðið félögunum nokkur lyftistöng fjárhagslega. Spurningakeppnir sagði hann að hefðu gefið mörgu héraðssambandinu mikinn pening í aðra hönd nú s.l. tvö ár, og væri athugandi fyrir næstu stjórn að kanna möguleika á slíkri keppni innan U.M.S.K.

Að síðustu þakkaði Ólafur Unnsteinsson gott samstarf og þá sérstaklega Ingólfur Ingólfssyni, sem ætíð hefði verið boðinn og búinn til aðstoðar í orði og verki.

Var nú gert matarhlé, og flutningi skýrslunnar og reikninganna frestað.

Er gengið var til fundar að afloknu matarhléi, var mættur, Ólafur Ásgeirsson frá Landgræðslunni. Þar sem hann var tímabundinn var samþykkt að fresta liðnum "Skýrsla stjórnarinnar og reikningar sambandsins", en gefa Ólafi Ásgeirssyni orðið um landgræðslumál.

Erindi Olafs fjallaði um landgræðslumálið frá upphafi til þessa dags, og hvað hefði áunnizt í þeim málum. Sagði hann nú hilla undir stórframfarir í þeim málum með tilkomu ungmennafélaganna í þessi mál. Væri starf það sem þau hefðu lagt að mörkum ómetanlegt, en það hefði verið Héraðssambandið Skarphéðinn sem fór í fyrstu landgræðsluferðina. Á síðastliðnu sumri var sáð 130 smálestum af fræi og áburði. Var þessu dreift af fjöldamörgum ungmenna samböndum og fengu færri fræ en vildu. Ólafur sagði að á Reykjanessvæðinu væri nógu af að taka. T.d. í Mosfellssveit væru uppblásnir melar sem mætti græða upp með fræi og áburði. Þá sagði hann að ríkisframlagið hefði verið aukið úr 0,9 millj. í 2,5 millj. króna, en það dýgði ekki nema rétt til að auka landgræðsluna um helming. Sagðist hann vona að til komi; að auki, aukið framlag einkaaðila.

Að loknu erindi Olafs var orðið gefið laust um landgræðslumál.

Sigurður Geirdal kvaddi sér hljóðs og fagnaði því að landgræðslumálin væru komin á dagskrá hjá U.M.S.K. Lagði hann til að stofnuð yrði nefnd er sæi um framkvæmd þeirra mála og að hlutur U.M.S.K. yrði gerður sem stærstur.

Þegar umræðum um landgræðslumálin var lokið, var tekið til við skýrslu stjórnarinnar og reikningana. Tók þá gjaldkeri sambandsins, Sigurður Skarphéðinsson til máls og las reikninga sambandsins og skýrði þá, en þeir voru prentaðir með ársskýrslunni. Gjöld voru á starfsárinu, kr. 264,476,80. Tekjur, kr. 275,439,60, hreinar tekjur voru því kr. 10,962,80. Eignir voru, kr. 55,478,05, en skuldir, kr. 47, 628,00.

Sigurður kom með tillögu frá stjórninni um verðlaunasjóð, en slíkur sjóður yrði til þess að annast og standa undir kaupum á verðlaunagripum fyrir sambandið og félögin. Verðlaunakaup eru nú orðin einn stærsti útgjaldaliðurinn hjá sambandinu og félögunum. En hagkvæm innkaup og sala á verðlaunum til félaganna á kostnaðarverði ætti að verða til að lækka þessi útgjöld.

Er Sigurður hafði lokið máli sínu tók Ingólfur Ingólfsson til máls. Gat hann þess að hann gæfi ekki kost á sér aftur við formannskjör. Færði hann fundarmönnum, svo og Olafi Unnsteinssyni þakkir fyrir samstarfið, sagði hann alla hafa leyst störf sín vel og samvizkusamlega af hendi. Þá færði hann íþróttafólk sambandsins þakkir fyrir drengilega keppni og prúðmannlega framkomu í hvívetna. Hefði það verið U.M.S.K. til sóma. "Við getum svo sannarlega litið björtum augum á framtíðina, verkefnin eru ótæmandi".

Gestur Guðmundsson tók næstur til máls. Hann þakkaði stjórninni og framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf, einnig ræddi hann um íþróttaaðstöðuna og kvað hana slæma og meðan svo væri, væri ekki að vænta mikils árangurs á íþróttastarfínu. Einnig tapaðist mikið fé, því félögin verða að leita annað með sín móti og kappleiki og kostaði það ærið fé, bæði í vallarleigu og tekjur af aðgangseyri töpuðust.

Sigurður Geirdal gerði fyrirspurn varðandi reikningana, og benti á smá prentvilli á þeim í ársskýrslunni.

Sigurður Skarphéðinsson gaf umbeðnar skýringar og þakkaði ábendinguna. Einnig færði hann endurskoðendum reikningana, þeim Olafi Ág. Ólafssyni og Lárusi Halldórssyni þakkir fyrir þeirra störf við endurskoðunina.

Þá voru reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

## VI. Nefndakosning:

Gestur Guðmundsson formaður kjörnefndar gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar um kosningu í nefndir:

Fjárhagsnefnd:

Sigurður Skarphéðinsson  
Jón M. Guðmundsson  
Olafur Friðriksson  
Gestur Guðmundsson  
Haraldur Hjartarson  
Þórður Guðmundsson

Íþróttanefnd:

Pálmi Gíslason  
Árni Indriðason  
Ragna Lindberg  
Birgir Guðmundsson  
Guðmundur Jónsson  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
Olafur Oddsson  
Hafsteinn Pálsson  
Steinar Lúðvíksson  
Trausti Sveinbjörnsson

Allsherjarnefnd:

Lárus Halldórsson  
Þórir Hermannsson  
Birgir Sigurðsson  
Helgi Haraldsson  
Helga Jónsdóttir  
Jón L. Tryggvason  
Ingólfur Ingólfsson  
Pétur Bjarnason.

Félagsmálanefnd:

Haraldur Jónsson  
Benóný Pétursson  
Gunnar Magnússon  
Helga Guðmundsdóttir  
Grétar Óskarsson  
Asgeir Indriðason  
Kristinn Magnússon  
Sigurður Geirdal  
Stefán Ágústsson.

Var tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða.

VII.

Ymis mál til nefnda:

- Ingólfur Ingólfsson, sambandsformaður flutti nokkrar tillögur frá stjórninni.
1. Að sambandsþ. sendi þeim aðilum er styrkt hafa sambandið fjárhagslega þakkir. Vísad til fjárhagsnefndar.
  2. Um val íþróttamanns ársins. Þar er gert ráð fyrir að sex manna nefnd velji íþróttamann ársins eftir ákveðnum reglum. Vísad til íþróttanefndar.
  3. Um að haldin verði héraðshátið á miðju sumri næsta árs. Vísad til félagsmálanefndar.
  4. Um að veitt verði verðlaun fyrir félagsmálastörf eins og undanfarin ár. Vísad til félagsmálanefndar.

5. Tillaga til breytingar á 7. gr. laga U.M.S.K. Í tillögunni er gert ráð fyrir að leggja niður íþróttanefnd, en stjórnin skipi í þess stað þrjú ráð: Íþróttaráð, félagsmála- og fjármálaráð, skipuð premur mönnum hvert. Vísað til fjárhagsnefndar, þar sem ekki starfaði laganeftnd.

6. Tillaga um að komið verði á héraðsmótum í yngri aldursflokkum í sem flestum greinum. Vísað til íþróttanefndar.

7. Um að næsta stjórn kjósi nefnd er vinni að undirbúningi að þátttöku U.M.S.K. á næsta landsmóti. Vísað til allsherjarnefndar.

8. Tillaga um að næsta stjórn kanni möguleika á að koma á keppni við önnur sambönd, líkt og fjögurra bandalaga keppnin var. Vísað til íþróttanefndar.

9. Um áframhald á keppnum milli skóla á sambandssvæðinu, eins og undanfarið. Vísað til íþróttanefndar.

10. Um að komið verði á bridgekeppni við önnur sambönd. Vísað til félagsmálanefndar.

11. Um eiturlyfjaneyzlu, þar sem skorað verði á yfirvöld og löggæzlu að standa vel á verðinum. Vísað til allsherjarnefndar.

12. Um verðlaunasjóð, vísaði Ingólfur til ummæla Sigurðar Skarphéðinssonar um þessa tillögu fyrr á þinginu. Vísað til fjárhagsnefndar.

Pálmi Gíslason flutti tillögu frá sér, Sigurði Geirdal og Þórði Guðmundssyni um að sambandi beiti sér fyrir að koma á keppni í þróbraut á milli barnaskóla á sambandssvæðinu á sama hátt og keppni F.R.I. og Æskunnar. Vísað til íþróttanefndar.

Sigurður Skarphéðinsson flutti tillögu um að þeim sem selja eða leyfa efnistöku úr löndum sínum sé skyld að ganga sómasamlega frá þeim stöðum. Vísað til allsherjarnefndar.

Þar sem ekki kváðu fleiri sér hljóðs þá gerði þingforseti hlé á fundarstörfum og bað nefndir að taka til starfa.

Að loknu kaffihléi fór fram úthlutun verðlauna þeirra er verðlaunaneftnd hafði ákveðið að úthluta. Olafur Unnsteinsson hafði orð fyrir nefndinni og afhenti verðlaunin. Þau sem verðlaun og viðurkenningu hlutu voru þessi:

1. Böðvar Sigurjónsson, U.B.K. viðurkenning fyrir hlaup (stytta)
2. Stefán Stefánsson, U.B.K. viðurkenning fyrir sund (stytta)
3. Trausti Sveinbjörnsson, U.B.K. viðurkenning fyrir fjölhæfni (borðfáni)
4. Þorsteinn Alfreðsson, U.B.K. viðurkenning fyrir köst (borðfáni)
5. Alda Helgadóttir, U.M.F.S. viðurkenning fyrir fjölhæfni (borðfáni)
6. Arndís Björnsdóttir, U.B.K. viðurkenning fyrir spjótkast (borðfáni)
7. Karl Stefánsson, U.B.K. viðurkenning fyrir stökk (borðfáni)

Verðlaun í tugþrautarkeppni U.M.S.K. en til þeirrar keppni hafði einhver óþekktur áhugamaður um tugþraut gefið farandbikar.

Hann hlaut í fyrsta sinn, Trausti Sveinbjörnsson, U.B.K.  
Annar varð Karl Stefánsson og þriðji, Hafsteinn Jóhannsson.

Þá var komið að íþróttamanni U.M.S.K. 1969.

Verðlaunaneftndin varð einróma samþykk að veita þau Kristínu Jónsdóttur U.B.K. Hlaut hún veglegan bikar til eignar.

Gestur Guðmundsson hafði framsögu um veitingu verðlauna fyrir félagsmálastörf. Gestur sagði það einróma álit nefndarinnar að veita þau í ár Sigurði Skarphéðinssyni.

Að verðlaunaafhendingu lokinni var gengið til þingstarfa að nýju.

VIII.  
Álit nefnda:

Fyrst var tekið fyrir álit allsherjarnefndar og voru flutningsmenn þeir Lárus Halldórsson og Jón Tryggvason. Í fyrsta lagi lét nefndin stjórnar-tillöguna varðandi eiturlyf frá sér fara óbreytta. Þingskjal nr. I.

Í öðru lagi stjórnartillagan um keppni milli skóla í héraðinu með sama sniði og undanfarin ár. Þingskjal nr. II.

Í þriðja lagi stjórnartillagan um undirbúningsnefnd fyrir þátttöku í næsta landsmóti. Fer frá nefndinni óbreytt. Þingskjal nr. III.

Í fjórða lagi um umgengni á vinnustöðum og frágang. Var þetta tillaga Sigurðar Skarphéðinssonar um frágang við malargryfjur, sem vísað var til allsherjarnefndar en kom nú allverulega breytt frá nefndinni. Urðu all miklar umræður um tillöguna og var hún síðan samþykkt eins og hún kom frá nefndinni með viðbót frá Sigurði: Sjá þingskjal nr. IV.

Álit íþróttanefndar, flutningsmaður Pálmi Gíslason. Í fyrsta lagi verði komið á glímumótum, sjá þingskjal nr. V.

Í öðru lagi um starfsíþróttir. Pálmi sagði að starfsíþróttir væru sú grein á landsmóti sem drægi U.M.S.K. niður í stigakeppninni. Þyrfti því að hefja undirbúning að æfingum í starfsíþróttum að sumri. Sjá þingskjal nr. VI.

Í þriðja lagi, sund og sundkeppnir. Þar sagði Pálmi sama vera uppi á tengnum og í starfsíþróttunum. Sjá þingskjal nr. VII.

Í fjórða lagi um aldursflokka í keppni í frjálsum og knattspyrnu, stjórnar-tillagan kemur óbreytt frá nefndinni. Sjá þingskjal nr. VIII.

Í fimmsta lagi um innanhússmót. Stjórnartillaga óbreytt frá nefndinni. Sjá þingskjal nr. IX.

Í sjötta lagi tillaga þeirra Pálma og Sig. Geirdal og Þórðar Guðmundssonar um keppni í þríþraut á milli skóla á sambandssvæðinu. Kom óbreytt frá nefndinni. Sjá þingskjal nr. X.

Í síðasta lagi tillaga frá nefndinni um kosningu íþróttamanns ársins. Sjá þingskjal nr. XI.

Þá var tekið fyrir álit félagsmálanefndar, flutningsmaður, Haraldur Jónsson.

Í fyrsta lagi um að héraðshátíð verði haldin að sumri eins og á liðnu sumri. Stjórnartillaga óbreytt frá nefndinni. Sjá þingskjal nr. XII.

Í öðru lagi óbreytt stjórnartillaga um keppni við önnur sambönd. Sjá þingskjal nr. XIII.

Í þriðja lagi stjórnartillaga óbreytt um verðlaun fyrir félagsmálastörf. Sjá þingskjal nr. XIV.

Í fjórða lagi, tillaga frá nefndinni varðandi samþykkt síðasta aðalfundar Umf. Stjórnunnar um að senda ekki fulltrúa á þing U.M.S.K. Sjá þingskjal nr. XV.

Í fimmsta lagi, stjórnartillaga um bridgekeppnir, sem fékk viðbót hjá nefndinni varðandi skákmót. Sjá þingskjal nr. XVI.

Í sjötta lagi um spurningakeppnir að fordæmi annarra sambanda. Þingskjal nr. XVII.

Síðasta álit félagsmálanefndar var um endurskoðun á niðurröðun þingstaða, með tilliti til fjölgunar aðildarfélaga. Þingskjal nr. XIX.

Bá var tekið fyrir álit fjárhagsnefndar, flutningsmaður var Sigurður Skarphéðinsson.

Í fyrsta lagi um að stjórninni sé heimilt að velja fulltrúa á þing I.S.I. og sérsambanda þess. Þingskjal nr. XIX.

Í öðru lagi, þakkir til þeirra, er styrktu sambandið fjárhagslega síðastliðið ár. Þingskjal nr. XXI.

Í fjórða lagi stjórnartillagan um verðlaunasjóð, óbreytt. Þingskjal nr. XXII.

Í fimmsta lagi tillaga um að stjórn sambandsins fylgi vel eftir bréfinu til sveitarstjórnna um framkvæmdastjóra o.fl. Þingskjal nr. XXIII.

Í sjötta lagi, stjórnartillagan um breytingu á 7. gr. laga, óbreytt frá nefndinni. Þingskjal nr. XXIV.

Síðasta tillaga fjárhagsnefndar var svo fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Þingskjal nr. XXV.

#### IX.

##### Kosningar:

Uppstillinganefnd skipuð af stjórninni hafði starfað undanfarnar vikur við að finna formannsefni. Í nefndinni voru Jón S. Tryggvason, Ing. Ingólfsson og Sigurður Skarphéðinsson. Hafði Jón orð fyrir nefndinni og sagði að hennar verkefni hefði verið að finna mann, sem vildi vera formaður sambandsins. Eftir langa og stranga leit hefði nefndin loksins fundið Pétur Þorsteinsson úr Aftureldingu og væri hann fús til að gefa kost á sér. Væri því tillaga nefndarinnar þannig: Formaður, Pétur Þorsteinsson, varaformaður, Stefán Ágústsson.

Tillaga þessi var samþykkt með lófataki, eins var með kosningu annarra í stjórn. Þessir voru því kosnir í stjórn U.M.S.K. fyrir næsta starfsár:

Formaður: Pétur Þorsteinsson.

Varaformaður: Stefán Ágústsson.

Meðstjórnendur:

Olafur Friðriksson  
Guðmundur Gíslason  
Sveinbjörn Guðmundsson  
Sigurður Zófusson.  
Ingólfur Ingólfsson

Varamenn í stjórn:

Birgir Sigurðsson  
Benóný Pétursson  
Eggert Olafsson  
Þórir Hermannsson  
Sveinbjörn H. Sveinbjörnsson  
Einar Guðmundsson  
Pálmi Gíslason.

Endurskoðendur voru kosnir þeir sömu og undanfarin ár, þeir Lárus Halldórsson og Olafur Ág. Ólafsson, og til vara, Guðjón Hjartarson og Jón Ólafsson.

Í íþróttadómstól, Tómas Lárusson. Næsta ár á Ármann Pétursson að ganga úr dómstólnum.

X.  
Önnur mál:

Ingólfur Ingólfsson tók til máls, þakkaði enn einu sinni samstarfið, óskaði hinum nýkjörna formanni heilla á komandi starfsári. Að lokum bar hann upp svohljóðandi tillögu: 47. sambandsþing U. M. S. K. færir Olafi Unnsteins-syni, íþróttakennara beztu þakkir fyrir frábær störf í þágu sambandsins og félaga þess á liðandi ári, og þá sérstaklega fyrir að gefa alla vinnu við afrekaskrá, sern hann hefur samið fyrir sambandið.

Vær þessi tillaga samþykkt með lófataki.

Olafur þakkaði hlýhug í sinn garð, og óskaði sambandinu allra heilla.

Pétur Þorsteinsson tók næstur til máls, og þakkaði traustið sem sér væri sínt. Hann kvaðst einu sinni hafa heitið því að vinna fyrir ungmannafélags-hreyginguna, ef þess væri farið á leit við sig. Þess vegna hefði hann nú gefið kost á sér til þessa starfs.

Stefán Ágústsson þakkaði Ingólfí Ingólfssyni fyrir mikið og gott starf í þágu sambandsins og bauð hinn nýkjörna formann velkominn í stjórnina.

Ingólfur Ingólfsson tók aftur til máls og þakkaði Umf. Aftureldingu fyrir að sjá um þinghaldið og þingforseta, Jóni á Reykjum fyrir góða fundar-stjórn og þingfulltrúum komuna og góða samstöðu.

Þá var komið að þingslitum. Jón þingforseti bar fram þá tillögu að þingriturum væri falið að ganga frá þinggerðinni síðar í samráði við sambands-stjórn og þingforseta.

Vær tillagan samþykkt samhljóði.

Að lokum óskaði þingforseti þingfulltrúum góðrar heimferðar, og sagði þessu 47. sambandsþingi Ungmennasambands Kjalarneþings slitið.

Gert eftir frumgerð þingritara, þeirra Helgu Guðmundsdóttur og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar að þinggerð, í október 1970.

Sigurður Skarphéðinsson  
(sign)

## ÞINGSKJÖL.

=====

### Þing skjal I.

47. sambandsþing U.M.S.K. lýsir ugg sínum vegna augljósrar aukningar á notkun eiturlyfja hér á landi. Þingið skorar því að öll ungmenna- og æskulýðssambönd, svo og stjórnvöld að láta einskis ófreistað að bægja þessum vágesti frá landinu.

Samþykkt með öllum atkvæðum, móti einu.

### Þing skjal II.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, að standa fyrir keppni á milli barna- og gagnfræðaskóla í héraðinu, t.d. í víðavangshlaupi.

Samþykkt samhljóða.

### Þing skjal III.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að fela stjórn U.M.S.K. að kjósa nú þegar þriggja manna nefnd, er vinni að undirbúningi að þátttöku U.M.S.K. á næsta landsmóti U.M.F.I. á Sauðárkróki 1971.

Samþykkt samhljóða.

### Þing skjal IV.

47. sambandsþing U.M.S.K., skorar á sveitarstjórnir á sambandssvæðinu, að setja strangar samræmdir reglur um mannvirkjagerð og umgengni á vinnustöðum. Reglur þessar hnigi í þá átt að bæta umgengni og frágang allan. Sér í lagi allar framkvæmdir á bersvæði, svo sem malartekju og annað jarðrask á grónu landi.

Samþykkt með 19 atkvæðum gegn 5.

### Þing skjal V.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að reynt verði að koma á glímu-mótum í sem flestum aldursflokkum.

Samþykkt samhljóða.

### Þing skjal VI.

47. sambandsþing U.M.S.K., felur stjórn sambandsins, að koma á móti næsta sumar í öllum greinum starfsíþróttar, sem keppt verður í á næsta landsmóti, og hefja þegar undirbúning að því.

Samþykkt samhljóða.

### Þing skjal VII.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að beina því til stjórnarinnar að koma á sundkeppni við önnur héraðssambönd.

Samþykkt samhljóða.

### Þing skjal VIII.

47. sambandsþing U.M.S.K., felur sambandsstjórn að skipuleggja aldursflokkakeppni á næstkomandi sumri í frjálsum íþróttum og knattspyrnu í samráði við sambandsfélögum.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal IX.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að stjórn U.M.S.K. haldi áfram á þeirri braut að halda innanhússmót í öllum aldursflokkum í frjálsum íþróttum, handknattleik og knattspyrnu.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal X.

47. sambandsþing U.M.S.K., beinir því til stjórnar sambandsins að hún beiti sér fyrir því að skólar á sambandsvæðinu taki upp í vetur keppni í þríþraut á sama hátt og keppni FRÍ og Æskunnar á milli skóla á sambandsvæðinu.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XI.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að íþróttamaður ársins innan U.M.S.K. verði kosinn þannig: Stjórnin skipi sex manna nefnd, auk formanns U.M.S.K. og framkvæmdastjóra, sem kjósi sex menn á þar til gerðan kjörseðil. Efsti maður á listanum fær sjö stig, annar fimm stig, síðan fjögur, þrjú, tvö og eitt stig. Íþróttamaður ársins er svo sá, eða sú, er flest stig hlýtur. Verði tveir eða fleiri jafnir að stigum skal kosið um þá að nýju. Íþróttamaður ársins hlýtur gripinn til eignar hverju sinni.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XII.

47. sambandsþing U.M.S.K., felur stjórn sambandsins að vinna að því að héraðshátíð verði haldin á næsta ári eins og á liðnu sumri. Hafi stjórnin um það samstarf við sambandsfélögin.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XIII.

47. sambandsþing U.M.S.K., telur sjálfsgagt að halda áfram keppni við önnur félög eða sambönd í frjálsum íþróttum og jafnvel í fleiri íþróttagreinum, ef fært þykir. Þingið felur stjórn sambandsins að vinna að því að svo geti orðið næsta sumar.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XIV.

47. sambandsþing U.M.S.K., telur rétt að veita verðlaun fyrir félagsmálastörf eins og undanfarin ár. Stjórnin kjósi þriggja manna nefnd fyrir næsta héraðsþing, sem tilnefni menn, sem verðlaun eiga að hljóta.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XV.

47. sambandsþing U.M.S.K., harmar þá samþykkt aðalfundar Ungmennafélagsins Stjörnunnar, þar sem samþykkt var að senda ekki fulltrúa á þing U.M.S.K. En þar sem ljóst þykir að hér er um persónubundið vandamál að ræða, telur þingið rétt aftir framkomnar upplýsingar, að leiða þetta hjá sér að sinni, og um leið og þingið óskar nýkjörinni stjórn Umf. Stjörnunnar velfarnaðar í starfi er það ósk þingsins að Stjarnan endurskoði samþykkt þá er hér um ræðir.  
Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XVI.

47. sambandsþing U.M.S.K., felur sambandsstjórn að standa fyrir bridgemóti og vinna að því að fá sem flest félög til þátttöku í mótinu. Þá geri hún athugun á því, að koma á keppni við önnur sambönd. Þá kanni stjórn sambandsins möguleika á því að koma á skákmóti innan U.M.S.K.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XVII.

47. sambandsþing U.M.S.K., beinir því til stjórnarinnar, að hún reyni að koma á skemmtunum og spurningakeppni að fordæmi annarra ungmennum sambanda. Haft sé í huga að gera þátttöku unglunganna sem mesta í þessum skemmtunum.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XVIII.

47. sambandsþing U.M.S.K., beinir því til stjórnarinnar, að hún endurskoði ákvörðun frá 43. sambandsþingi, varðandi þingstaði U.M.S.K. með tilliti til þess að nú hefur aðildarfélögum U.M.S.K. fjölgat.

#### Þingskjal XIX.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að veita stjórn sambandsins umboð til þess að velja fulltrúa á þing I.S.I. og sérsambanda þess.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XX.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að skattur félaganna til sambandsins hækki í kr. 30,00 pr. skattskyldan félaga og helmingur af skattinum renni í landsmótssjóð.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XXI.

47. sambandsþing U.M.S.K., sendir beztu kveðjur og þakkir til eftirtalinna aðila, sem styrkt hafa sambandið fjárhagslega á þessu ári: Sýslunefnda Gullbringu- og Kjósarsýslu, Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, Sveitarstjórnar Seltjarnarneshrepps, Mosfellsbæjarstjórn, Kjalarnefndar, Kjósarhrepps, Bessa- staðahrepps og Garðahrepps og Búnaðarsambands Kjalarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XXII.

47. sambandsþing U.M.S.K., samþykkir að veita stjórninni heimild til að mynda verðlaunasjóð með þeim hætti er bezt þykir henta, með það fyrir augum að koma upp einhverjum birgðum mismunandi verðlaunagripa á hagkvæman hátt, sem svo yrðu til sölu fyrir félögin, svo og til að lækka útgjöld samtakanna vegna verðlaunagripa.

Samþykkt samhljóða.

#### Þingskjal XXIII.

47. sambandsþing U.M.S.K., beinir því til stjórnar sambandsins, að hún fylgi vel eftir bréfi fráfarandi stjórnar til bæjar- og sveitastjórnar um framkvæmdastjóra o.fl.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal XXIV.

47. sambandsþing U.M.S.K., gerir svofellda lagabreytingu: Innan sambandsins skulu starfa íþróttar-, félagsmála-, og fjármálaráð skipuð þremur mönnum af sambandsstjórn. Heimilt er stjórninni að skipta íþróttaráðinu í fleiri ráð, ef þurfa þykir. Formaður hvers ráðs skal vera úr sambandsstjórn, verði því við komið. Verksvið ráðanna skal vera að sjá um framkvæmd viðkomandi mála. Allar veigameiri ákvarðanir skulu þó samþykktast af sambandsstjórn, sem og setur ráðunum nánari starfsreglur. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal XV.

Fjárhagsáætlun 1970.

Tekjur:

Styrkur frá Gullbringusýslu	kr.	60,000,00
Styrkur frá Kjósarsýslu	"	75,000,00
Styrkur frá Kópavogskaupstað	"	35,000,00
Styrkur frá Bessastaðahreppi	"	2,500,00
Styrkur frá Garðahreppi	"	10,000,00
Styrkur frá Seltjarnarneshreppi	"	15,000,00
Styrkur frá Mosfellshreppi	"	10,000,00
Styrkur frá Kjalarneshreppi	"	2,000,00
Styrkur frá Kjósarhreppi	"	7,000,00
Styrkur frá Búnaðarsamb. Kjalarn.þ.	"	5,000,00
Skattar, kr. 30,00 pr. félaga	"	16,200,00
Útbreiðslustyrkur I.S.I.	"	7,000,00
Vextir	"	400,00
Innh. útistandandi skuldir	"	37,000,00
Peningar í sjóði	"	10,000,00
Samtals		292,100,00

=====

Gjöld:

Stjórnarkostnaður	kr.	140,000,00
Íþróttakostnaður	"	85,000,00
Skattar	"	5,400,00
Greiddar skuldir	"	47,600,00
Annar kostnaður	"	14,100,00
Samtals		292,100,00

=====